

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum í ríkissjóð eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1993 og skal hún gilda til og með 30. júní 1993. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 1, 4. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Rúna S. Geirsdóttir.

AUGLÝSING

um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds verðlagsárið 1992–1993.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð, hafa verið ákveðin frávík við innheimtu búnaðarmálasjóðsgjalds til neðantalinna búgreinafélaga verðlagsárið 1992–1993:

a) Félag hrossabænda	1,000%
b) Landssamband kartöflubænda	0,500%
c) Samband garðyrkjubænda	0,500%
d) Svínaræktarfélag Íslands	0,275%
e) Félag kjúklingabænda	0,275%

Gjald til forfallaþjónustu í sveitum skal felld niður hjá framleiðendum í eftirtöldum búgreinum sem hafna skriflega aðild að forfallaþjónustunni:

Eggjaframleiðslu, garðyrkju, hrossarækt, svínarækt, holdafuglarækt og æðarrækt.

Tilkynning þar um skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. maí 1993.

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1990 skal innheimta gjalds til Bjargráðasjóðs af afurðum hrossa og afurðum garðyrkju og gróðurhúsa, nema kartafna og gulrófna, falla niður.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. mars 1993.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.